

Alþingi
Erindi nr. P 136/740
komudagur 14.1.2009

Höfðabrekka 09.01.2009.

Alþingi
Helgi Hjörvar formaður
Umhverfisnefndar
150 Reykjavík.

192. mál

Fyrir hönd íbúasamtakana Betri byggðar í Mýrdal vill undirritaður gera athugasemd við framkomið þingskjal nr. 239 frá umhverfisráðherra um friðun á hvönn og brekkubobbum í austanverðu Reynisfjalli.

Hluti af því svæði sem lagt er til að verði friðað er fyrirhugað vegstæði fyrir þjóðveg 1 með göngum í gegnum Reynisfjall. Hvönn vex um allan Mýrdal og eru ekki í neinni útrýmingarhættu.

Benda má á að íbúar hér eiga fullt í fangi með að verjast ágangi hvannar í gördum sínum.

Brekkubobbar finnast víða í Mýrdal og eru þekktir allt austur fyrir Höfðabrekku og geta því vart talist í útrýmingarhættu.

Jafnframt teljum við að sú reynsla sem fengist hefur af friðlýsingu Dyrhólaeyjar sé ekki þessleg að það sé áhugavert að samþykkja friðlýsingu í Reynisfjalli.

F.h Betri byggðar í Mýrdal.

Jóhannes Kristjánsson, formaður.